

133. löggjafarþing 2006–2007.
Þskj. 450 — 404. mál.

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um sölu á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver var ástæða þess að Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg var auglýst til sölu og seld á frjálsum markaði?
2. Hvert var söluverð fasteignarinnar og hvernig skiptist söluandvirðið milli ríkissjóðs og borgarinnar?
3. Hver er áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna flutnings á starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar, í fyrsta lagi í nýtt húsnæði í Mjódd, í öðru lagi þess hluta starfseminnar sem flyst á kvennadeild LSH og í síðasta lagi vegna röskunar á starfseminni á yfirstandandi ári?
4. Telur ráðherra koma til greina að kaupa aftur húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg?

Skriflegt svar óskast.